



REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT GOLFKLÚBBA Í FLOKKUM 12 ÁRA OG YNGRI

1. kafli

1. gr. Inngangur

GSÍ gengst árlega fyrir Íslandsmóti golfklúbba í flokkum 12 ára og yngri.

2. gr. Yfirumsjón og mótstjórn

Stjórn GSÍ skal auglýsa mótin og hafa yfirumsjón með framkvæmd þeirra. Hún skal skipa fjóra menn í mótsstjórn sem skal skipuð fulltrúum þeirra fjögurra golfklúbba sem halda mótið.

3. gr. Vettvangur

Mótið er haldið á þremur dögum á jafnmörgum völlum Golfklúbbs Reykjavíkur (GR), Golfklúbbsins Keilis (GK), Golfklúbbs Mosfellsbæjar (GM) eða Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar (GKG).

Skipulag mótsins til ársins 2030 er sem hér segir:

2025 GR Korpan Landið, GM Bakkakot, GKG Mýrin
2026 GK Sveinskot, GR Korpan Landið, GM Bakkakot
2027 GKG Mýrin, GK Sveinskot, GR Korpan Landið
2028 GM Bakkakot, GKG Mýrin, GK Sveinskot
2029 GR Korpan Landið, GM Bakkakot, GKG Mýrin
2030 GK Sveinskot, GR Korpan Landið, GM Bakkakot

4. gr. Þátttaka

Þátttökutilkynningar, fjöldi sveita, skulu sendar eigi síðar en einni viku fyrir fyrsta mótisdag til mótstjórnar.

Nöfn leikmanna ásamt Golfbox númeri og uppröðun fyrir fyrstu umferð skal tilkynna til mótsstjórnar í síðasta lagi kl. 12:00 þremur dögum fyrir fyrsta mótisdag. Hafi nafnalisti ekki borist í tíma er mótsstjórn heimilt að gefa klúbbi 3 tíma frest, en að honum loknum telst sveitin hafa fyrirgert keppnisrétti sínum.

Hver klúbbur getur sent fleiri en eina sveit, sem þó geta ekki leikið í sömu deild. Ef fjöldi sveita fer yfir 26 hafa klúbbar með eina sveit forgang. Hlutkesti ræður hvaða klúbbur megi senda fleiri en eina sveit, ef þátttökufjöldi sveita fer umfram 26. Mótsstjórn er heimilt að bæta við deildum ef þátttaka er umfram 26 sveitir og svigrúm er til útræsingar á vellinum.

Sækja má um heimild til mótsstjórnar um að tveir eða fleiri klúbbar sendi sameiginlega sveit til keppni af sama landssvæði ef ekki reynist unnt að manna sveit til keppinnar.

Í Íslandsmóti golfklúbba 12 ára og yngri mega sveitir vera skipaðar drengjum eingöngu, telpum



eingöngu eða vera blandaðar kynjum. Undantekning frá þessu er gerð í Gulu deildinn, en sú deild skipast telpum eingöngu.

Aldur miðast við almanaksár.

5. gr. Þáttökugjöld

Upphæð þáttökugjalda, gjalddagar og annað slíkt skal ákveðið af mótstjórn og greitt eigi síðar en viku fyrir fyrsta mótssdag.

Klúbbarnir þar sem mótið fer fram skulu sjá uminnheimtu þáttökugjalds sem skal renna alfarið til klúbbana, en vera hugsað til að standa straum af kostnaði vegna þáttökuverðlauna og lokahófs.

Síðast taldi klúbburinn ár hvert skal hafa umsjón með innheimtu þáttökugjalda, sjá um verðlaunaafhendingu og lokahóf

6. gr. Fyrirkomulag deilda

Keppninni er skipt upp í deildir, sem að hámarki geta orðið sex miðað við að leikið sé á 9 holu velli. Í efstu deildinni, „Hvítu“, eru sex sveitir, en fjórar sveitir í næstu deildum fyrir neðan. Raða skal í deildir eftir forgjöf fjögurra forgjafarlægstu kylfinganna í hverri sveit.

Sex forgjafarlægstu sveitirnar leika í Hvítu deildinni, síðan ráðast sveitirnar koll af kolli í Bláu deildina, Rauðu deildina, Grænu deildina og loks í Gráu deildina. Fjórar forgjafarlægstu telpnasveitirnar leika í Gulu deildinni.

Hver klúbbur getur aðeins verið með eina sveit í hverri deild. Þegar ljóst er hvaða sveitir skipa hverja deild skal draga um númer sveita (1-6; 1-4) í hverri deild.

Mæti lið, sem tilkynnt hefur þáttöku, ekki til leiks á auglýstum tíma, hvort sem er í fyrstu eða síðari umferð, skal sveitin sæta frávísun í heild. Úrslit leikja sem hún hefur leikið fyrr í keppninni falla niður og hafa þar af leiðandi ekki áhrif á úrslit mótsins, að undanskildu því að úrslit skulu standa ef öllum leikjum í riðlum er lokið.

Mótstjórn er heimilt að fella niður keppni í einstökum deildum ef þáttökulið eru færri en þrjú.

Hver klúbbur sem sendir leikmenn á mótið skal tilnefna liðsstjóra. Liðsstjóri skal gæta hagsmuna keppenda viðkomandi klúbbs og koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart mótstjórn, þó ekki umfram það sem golfreglur heimila.

Liðsstjóri skal fyrir hönd viðkomandi klúbbs vera ábyrgur fyrir greiðslu þáttökugjalds.



7. gr. Leikfyrirkomulag

Leikið skal eftir *PGA Junior League* fyrirmyndinni, sem kallast *PGA krakkagolf* á Íslandi.

Hver sveit skal skipuð að lágmarki 4 leikmönnum og að hámarki 6 leikmönnum.

Leiknar eru 9 holur í hverri umferð með Texas Scramble högggleiks fyrirkomulagi, sem skiptast upp í þrjá þriggja holu leiki. Hver þriggja holu leikur gefur eitt flagg.

Mótsstjórn upplýsir hvaða teigum hver deild leikur á. Gert skal ráð fyrir að Hvíta deildin leiki á aftari teigum en hinar deildirnar.

Liðsstjóri ákveður tvo keppendur sem hefja leik og jafnframt raðar niður varamönnum ef einhverjir eru í liðinu. Hver keppandi verður að leika að minnsta kosti eitt flagg (3 holur).

Hver viðureign tveggja klúbba gefur sigur eitt stig. Alls eru sex flögg í pottinum og það lið sem leikur á færri höggum samtals hvern þriggja holu leik vinnur það flagg. Það lið sem vinnur fleiri flögg samtals vinnur viðureignina og eitt stig. Ef lið leika þriggja holu leik á jafn mörgum höggum fær hvort lið hálf flagg. Ef lið skilja jöfn með þrjú flögg fær hvort lið hálf stig.

Hverjum ráshóp verður að fylgja einn fullorðinn einstaklingur sem heldur utan um skorið.

Sérstakt skorkort er notað til að halda utan um stöðu leikja.

Hvíta deildin - keppnin er leikin á eftirfarandi hátt:

Fyrsti keppnisdagur: Fyrsta umferð leika lið 1 gegn 2; 3 gegn 4; 5 gegn 6.

Fyrsti keppnisdagur: Önnur umferð leika lið 1 gegn 4; 3 gegn 6; 2 gegn 5.

Annar keppnisdagur: Þriðja umferð leika lið 1 gegn 3; 2 gegn 6; 4 gegn 5.

Annar keppnisdagur: Fjórtða umferð leika lið 1 gegn 6; 2 gegn 4; 3 gegn 5.

Þriðji keppnisdagur: Fimmta umferð leika lið 1 gegn 5; 2 gegn 3; 4 gegn 6.

Gula, Bláa, Rauða, Græna og Gráa deildin- keppnin er leikin á eftirfarandi hátt:

Fyrsti keppnisdagur: Fyrsta umferð leika lið 1 gegn 2; 3 gegn 4.

Annar keppnisdagur: Önnur umferð leika lið 1 gegn 3; 2 gegn 4.

Þriðji keppnisdagur: Þriðja umferð leika lið 1 gegn 4; 2 gegn 3.



8. gr. Sérreglur

Vindhögg telja ekki.

Leyfilegt er að taka víti flatar megin við vítasvæði og einnig ef bolti fer út fyrir vallarmörk að taka víti líkt og um rautt vítasvæði sé að ræða.

Tekið skal upp eftir 9 högg og skráð 10.

Ofangreint á ekki við Hvítu og Gulu deildirnar, en þar er leikið á hefðbundinn máta samkvæmt almennum keppnisskilmálum og staðarreglum, sem stjórn GSÍ setur.

Kylfuberar eru óheimilir. Þó mega leikmenn sem ekki eru að leika vera kylfuberar fyrir liðsfélaga sína.

9. gr. Úrslit

Það lið sem hlýtur flest stig í Hvítu deildinni fær titilinn Íslandsmeistari golfklúbba 12 ára og yngri.

Það lið sem hlýtur flest stig í Gulu deildinni fær titilinn Íslandsmeistari golfklúbba telþna 12 ára og yngri.

Það lið sem vinnur flest stig í Bláu, Rauðu, Grænu og Gráu deildinni fær titilinn deildarmeistari viðkomandi deildar. Hljóti tvö lið jafnmörg stig í efsta sæti ræður innbyrðis viðureign. Ef innbyrðis viðureign var jöfn eða ef fleiri en tvö lið fá jafnmörg stig, fær það lið sem vinnur fleiri flögg efra sætið. Ef enn er jafnt ræður hlutkesti úrslitum.

10. gr. Annað

Að öðru leyti gilda Móta- og keppendareglur GSÍ.

Þannig samþykkt af stjórn GSÍ 28. apríl 2025.